

31.5.2019

Íslensk verðbréf bjóða upp á eignasöfn A, B, C og D sem eru sérsníðnar eignastýringarlausnir fyrir einstaklinga, stéttarfélög, fyrirtæki og fagfjárfesta. Eignasöfnin fjárfesta í innlánnum, sjóðum og stökum verðbréfum eftir fyrirfram skilgreindum fjárfestingarheimildum.

Eignasöfnin eru laus til útborgunar með skömmum fyrirvara og alltaf er hægt að leggja inn á söfnin. Viðskiptavinir njóta ýmissa sérkjara hjá Íslenskum verðbréfum, svo sem afsláttar af sölubóknum sjóða. Við veitum persónulega og hraða þjónustu og eru ráðgjafar Íslenskra verðbréfa ávalt til taks. Lágmarksfjárhæð í eignasöfnin er 25 m.kr.

### Eignastýring

Eignastýring felur í sér að viðskiptavinur eftirlætur Íslenskum verðbréfum að fjárfesta eignasafni viðkomandi innan fyrirfram samþykkrar fjárfestingarstefnu beggja aðila.

Hlutverk Íslenskra verðbréfa er að vakta eignasafn viðskiptavinar og bregðast við breyttum aðstæðum á markaði með það að markmiði að hámarka ávöxtun eignasafnsins að teknu tilliti til fjárfestingarheimildar hvers safns.

### Íslensk verðbréf hf.

Íslensk verðbréf eru sérhæft eignastýringarfyrirtæki. Það þýðir að öll starfsemi félagsins miðar að því að ná hámarksárangri á sviði eignastýringar. Félagið sinnir ekki útlánastarfsemi, fyrirtækjaráðgjöf eða annarri álíka þjónustu heldur einbeitir sér að öflugri eignastýringu.

Einu fjárfestingar Íslenskra verðbréfa fyrir eigin reikning eru í sjóðum félagsins. Með öðrum orðum þá eiga Íslensk verðbréf hf. ekki í samkeppni við viðskiptavini sína um þau tækifæri sem bjóðast á markaði hverju sinni. Með þessu er komið í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra milli félagsins og viðskiptavina þess hins vegar.

### Eignasafn A

Eignasafn A fjárfestir að miklu leyti í verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs og innlánnum.

Fjárfestingastefnan heimilar takmarkaða fjárfestingu í hlutabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum.

Hentar fjárfestum sem vilja njóta öryggis innlána og verðbréfa með ábyrgð ríkissjóðs en jafnframt eiga þess kost að fjárfesta í hlutabréfum með von um hærri ávöxtun.

Áhætta er takmörkuð og ávöxtun fremur stöðug.

#### Eignasamsetning

31.5.2019



■ Innlend ríkisskuldabréf	34%
■ Laust fé	0,1%
■ Erlend hlutabréf	11,8%
■ Innlend hlutabréf	11,7%
■ Innlend skuldabréf - önnur	35,2%
■ Erlend skuldabréf	7,2%

#### Fjárfestingarheimildir

#### Hlutfall af safni

Innlend ríkisskuldabréf	20 - 100%
Innlend skuldabréf - önnur	0 - 40%
<i>-Á hvem skuldara</i>	0 - 15%
Laust fé	0 - 80%
Hlutabréf - innlend og erlend	0 - 30%
<i>-Par af í hverju félagi</i>	0 - 10%
Erlend skuldabréf	0 - 10%

Áhætta: lítill  mikill



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Eignasafn B fjárfestir bæði á innlendum og erlendum mörkuðum til að ná fram mikilli áhættudreifingu. Safninu er dreift á milli innlendra sem erlendra ríkisskuldabréf, annarra skuldabréfa og hlutabréfa.

Hentar fjárfestum sem vilja fjárfesta verulega erlendis og þola nokkuð hátt hlutfall hlutabréfa.

## Eignasamsetning

31.5.2019



■ Erlend hlutabréf 12,9%
■ Erlent laust fé 0,2%
■ Erlend ríkisskuldabréf 12%
■ Erlend skuldabréf - önnur 14,1%
■ Innlend hlutabréf 14,2%
■ Innlent laust fé 0,2%
■ Innlend ríkisskuldabréf 23,5%
■ Innlend skuldabréf - önnur 22,9%

Áhætta: lítill mikil

## Fjárfestingarheimildir

Hlutfall af safni

<b>Erlend fjárfesting</b>	<b>30 - 70%</b>
Innlán og lausafjársgjafir	0 - 60%
<b>Skuldabréf (dreift safn í gegnum sjóði)</b>	10 - 60%
- Þar af lágmark í ríkisskuldabréfum	10%
<b>Hlutabréf (dreift safn í gegnum sjóði)</b>	0-35%
<b>Innlend fjárfesting</b>	<b>30 - 70%</b>
Innlán og lausafjársgjafir	0 - 40%
<b>Skuldabréf</b>	10 - 70%
- Þar af lágmark í ríkisskuldabréfum	10%
<b>Hlutabréf</b>	0-25%
-Þar af hámarks bein fjárf. í hverju félagi	5%

## Eignasafn C

Eignasafn C er áhættuminnsta eignasafnið þar sem einungis er fjárfest í skuldabréfum og innlánum. Rík áhersla er á verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs.

Verulegar takmarkanir eru á fjárfestingum í öðrum skuldabréfum og innlánum og óheimilt er að fjárfesta í hlutabréfum og erlendum verðbréfum.

Hentar fjárfestum sem vilja varfærna eignastýringu um leið og notið er öryggis verðbréfa með ábyrgð ríkissjóðs. Áhætta

## Eignasamsetning

31.5.2019



■ Innlend ríkisskuldabréf 63,5%
■ Laust fé 2,4%
■ Innlend skuldabréf - önnur 34,1%

Áhætta: lítill mikil

## Fjárfestingarheimildir

Hlutfall af safni

<b>Innlend ríkisskuldabréf</b>	30 - 100%
<b>Innlend skuldabréf - önnur</b>	0 - 40%
-Á hvorn skuldara	0 - 15%
<b>Laust fé</b>	0 - 60%

## Eignasafn D


Eignasafn D fjárfestir bæði á innlendum og erlendum mörkuðum til að ná fram mikilli áhættudreifingu. Safninu er dreift á milli innlendra sem erlendra ríkisskuldabréf, annarra skuldabréfa og hlutabréfa.

Hátt vægi ríkisskuldabréfa, lágmarksfjárfesting 40% (30% innlend – 10% erlend) og hámarksfjárfesting í hlutabréfum er 40% (15% innlend – 25% erlend)

Hentar fjárfestum sem vilja fjárfesta verulega erlendis og ná fram mikilli áhættudreifingu. Ávöxtun getur sveiflast nokkuð og er mælt með að fjárfestar horfi til nokkurra ára við mat á árangri.

## Eignasamsetning

31.5.2019



■ Erlend hlutabréf 15,2%
■ Erlent laust fé 0,2%
■ Erlend ríkisskuldabréf 12,9%
■ Erlend skuldabréf - önnur 14%
■ Innlend hlutabréf 10,7%
■ Innlent laust fé 0,3%
■ Innlend ríkisskuldabréf 34,7%
■ Innlend skuldabréf - önnur 12%

Áhætta: lítill mikil

## Fjárfestingarheimildir

Hlutfall af safni

<b>Erlend fjárfesting</b>	<b>30 - 70%</b>
Innlán og lausafjársgjafir	0 - 60%
<b>Skuldabréf (dreift safn í gegnum sjóði)</b>	10 - 60%
- Þar af lágmark í ríkisskuldabréfum	10%
<b>Hlutabréf (dreift safn í gegnum sjóði)</b>	0-25%
<b>Innlend fjárfesting</b>	<b>30 - 70%</b>
Innlán og lausafjársgjafir	0 - 40%
<b>Skuldabréf</b>	30 - 70%
- Þar af lágmark í ríkisskuldabréfum	30%
<b>Hlutabréf</b>	0-15%
-Þar af hámarks bein fjárf. í hverju félagi	5%